

Refsiréttarnefnd

---

Reykjavík, 30. mars 2004.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Við er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 10. mars sl., þar sem óskað er eftir að refsiréttarnefnd veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, 520. mál.

I.

Í frumvarpinu er lagt til að fyrning sakar vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.-202. gr. almennra hegningarlaga (eftirleiðis skammstafað hgl.) verði afnumin þegar brot er framið gagnvart barni undir 14 ára aldri. Í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpinu er ofangreind tillaga einkum rökstudd með vísan til sérstöðu slíkra brota að virtri aðstöðu barna sem verða fyrir háttsemi af þessu tagi. Þá segir meðal annars að „[ljóst sé] að núgildandi fyrningarfrestir [geti] í mörgum tilfellum verið of skammir fyrir stóran hóp brotþola. Dómar þar sem menn hafa verið sýknaðir fyrir kynferðisbrot gegn börnum, jafnvel þótt sekt hafi verið sönnuð, [staðfesti] þetta“. Í athugasemdunum er auk þess vísað til þess að umboðsmaður barna hafi nýverið hvatt Alþingi til að afnema fyrningarfresti vegna kynferðisbrota en sú hvatning hafi komið fram í skýrslu hans frá 1997. Með þessu frumvarpi sé farið eftir þessum tilmælum umboðsmanns barna. Í lok hinna almennu athugasemda segir að flutningsmenn álíti að „rangt sé að kynferðisbrot gegn börnum geti fyrnst. Vegna eðlis og sérstöðu þessara brota [verði] að telja að með fyrningarfresti á slíkum brotum sé börnum ekki tryggð nægjanleg réttarvernd og réttlæti samkvæmt lögum“.

II.

Röksemdir að baki lagareglum um fyrningu sakar hafa almennt verið byggðar á viðurkenningu á eðlislægum takmörkum refsivörslukerfisins (hagkvæmis- og skynsemisrökum) sem lúta að auknum sönnunarvanda eftir því sem mál eldist og þörfinni á því að til séu reglur sem veiti refsivörslukerfinu hæfilegt aðhald um að reka refsimál með eðlilegum og nægilegum hraða. Þá hefur verið talið rétt að líta að einhverju leyti til þess að sá, sem framið hafa refsivert athæfi, geti á einhverjum tímavörðum í framtíðinni gengið út frá því, m.a. við ákvarðanatöku um „lífsstefnu“ sína, að ekki geti það lengur átt sér stað að lífi hans verði raskað með refsivendi samfélagsins (sannngirnirök) hafi hann á annað borð hagað sér í samræmi við lög í langan tíma. Í ljósi þessa hefur verið gengið út frá því á síðari tímum hér á landi og í norrænum rétti að grundvallarsjónarmið um hagsmuni brotþola og krafan um að réttlæti nái fram að ganga (réttlætisrök) geti almennt aðeins leitt til þess að brot teljist ófyrnanleg þegar um hin alvarlegustu brot samkvæmt refsimati löggjafans er að ræða, sbr. hér á landi

einvörðungu þegar brot varðar ævilöngu fangelsi. Alvarleiki brota er samkvæmt þessu sjónarmiði ákvarðaður í réttu hlutfalli við hámark þeirrar refsingar sem fram kemur í viðkomandi refsíákvæði. Refsiréttarnefnd bendir til nánari skýringar á skrif Jónatans Þórmundssonar: *Viðurlög við afbrotum*. Reykjavík (1992), bls. 301-302, og Knud Waaben: *Strafferettens almindelige del, I ansvarslæren*. 4. útg. Kaupmannahöfn (1999), bls. 97-98.

Með lögum nr. 20/1981 var þágildandi ákvæðum 80. og 81. gr. hgl. um fyrningu sakar breytt og var í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögnum tekið fram að [telja yrði] að öll brot [ættu] að lúta fyrningu sakar, nema alveg sérstök gagnrök [kæmu] fram“, sjá Alpt. 1979-1980, A-deild, bls. 516. Var þar lögð til grundvallar nügildandi meginregla um að aðeins þau brot sem varða ævilöngu fangelsi geti ekki fyrnst. Þar var einnig áréttuð sú meginregla refsiréttar að það sé „einkum saknæmi brots, sem ráða [á] lengd fyrningarfrests, þ.e. að því saknæmara sem brotið [er] samkv. mati refsilöggjafans því lengri eigi fyrningarfrestir að vera“. Þó var tekið fram að önnur sjónarmið kynnu að hafa áhrif í þessu sambandi, „svo sem það hversu broti sé auðleynt“, sjá Alpt. 1979-1980, A-deild, bls. 517.

Ákvæðum IX. kafla hgl. um fyrningu sakar, brottfall viðurlaga og uppreist æru var breytt nýlega með lögum nr. 63/1998. Samkvæmt almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að lögum nr. 63/1998 var tilefni þess m.a. almenn endurskoðun á ákvæðum IX. kafla hgl. en þau höfðu þá ekki sætt breytingum frá áðurnefndum breytingarlögum nr. 20/1981. Með lögnum frá 1998 voru ofangreind grundvallarsjónarmið refsiréttar um fyrningu sakar áréttuð af hálfu Alþingis og ekki hróflað við því fyrirkomulagi að láta aðeins þau brot sem varða ævilöngu fangelsi vera ófyrnanleg. Eitt helsta nýmæli laga nr. 63/1998 var hins vegar það að lögfesta sérstaka fyrningarreglu sem varðar sömu brot og frumvarp það sem hér um ræðir lýtur að en með 2. gr. laga nr. 63/1998 var gert ráð fyrir því að sakarfyrningarfrestur vegna kynferðisbrota gegn börnum er varða við 194.-202. gr. hgl. teljist aldrei fyrr en frá þeim degi er barnið nær 14 ára aldri, sbr. nügildandi síðari málsl. 1. mgr. 82. gr. hgl. Í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að 2. gr. laga nr. 63/1998 var þessi breyting rökstudd sérstaklega með vísan til „erindis umboðsmanns barna til dómismálaráðherra frá september 1997 varðandi ákvæði hegningarlaga um fyrningu kynferðisbrota gegn börnum“, sjá hér Alpt. 1997-1998, A-deild, bls. 3692. Refsiréttarnefnd telur rétt að taka hér orðrétt upp hluta þeirra athugasemda sem fram koma í greinargerð sama frumvarps um 2. gr. sem varð að nügildandi síðari málsl. 1. mgr. 82. gr. hgl., sjá Alpt. 1997-1998, A-deild, bls. 3693:

Þegar kynferðisbrot beinast gegn börnum er hætt við að fyrningarfrestur sé liðinn þegar börnin hafa náð þeim þroska sem þarf til þess að gera sér grein fyrir því að um refsivert brot hafi verið að ræða. Þá er og hætt við að börn hafi takmarkaða möguleika á að kæra slík afbrot.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði sérregla um upphaf sakarfyrningarfrests vegna brota skv. 194.-202. gr. hegningarlaganna. Gert er ráð fyrir að 1. mgr. 82. gr. laganna verði breytt þannig að bætt verði við nýjum málslið þar sem kveðið er á um að fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum teljist ekki fyrr en frá þeim degi er brotþoli nær 14 ára aldri. Samkvæmt tillögunni telst fyrningarfrestur vegna þessara brota því frá þeim degi er refsiverðum verknaði lauk, nema brotþoli hafi þá ekki náð fyrrgreindum aldri, og telst fresturinn þá frá þeim degi er brotþoli nær þeim aldri. Upphaf frestsins er miðað við síðara tímamarkið. Standi verknaður fram

yfir 14 ára aldursmarkið eða hefjist eftir að brotþoli hefur náð 14 ára aldri telst fresturinn frá þeim degi er verknáðinum lauk.

Breytingunni er ætlað að aðlaga fyrningarreglur hegningarlaganna að þeim aðstæðum sem upp geta komið þegar kynferðisbrot beinast gegn börnum. Varðandi aldursmarkið 14 ár ber að hafa í huga að samkvæmt frumvarpinu tekur fyrningarfresturinn aldrei að líða fyrr en við það aldursmark, en eins og áður segir getur fresturinn verið allt frá 5 til 15 ára. Ef 5 ára fyrningarfrestur er ekki rofinn fyrnist sök þegar brotþoli nær 19 ára aldri. Ef fyrningarfrestur er lengri, þ.e. 10 eða 15 ár, fyrnist sök þegar brotþoli nær 24 eða 29 ára aldri, nema fresturinn sé rofinn innan þess tíma. Almennt má ætla að brotþoli hafi innan þess frests náð nægilegum þroska til þess að gera sér grein fyrir afbrotinu og haft möguleika á að kæra það. Þá ber að taka tillit til lagaraka fyrir fyrningu sakar sem viðurkennd eru í refsirétti. Þau rök varða til dæmis öflun sönnunargagna og aðrar forsendur rannsóknar, hraða rannsóknar og breytta hagi sakbornings.

Refsiréttarnefnd leggur á það áherslu að Alþingi hefur samkvæmt þessu með nýlegri breytingu á 82. gr. hgl. tekið afstöðu til þess réttaratriðis sem frumvarpið beinist að. Vegna þess tiltölulega stutta tíma sem er liðinn frá þeirri grundvallarbreytingu sem gerð var með lögfestingu núgildandi síðari málsl. 1. mgr. 82. gr. hgl. hefur eðli máls ekki reynt með viðhlítandi hætti til þessa á hvort umrædd sérregla geti talist fullnægjandi til að mæta þeim sérstaka vanda sem fylgir brotum af þessu tagi og vikið var sérstaklega að í tilvitnuðum athugasemdum að baki 2. gr. laga nr. 63/1998. Af þessum sökum getur refsiréttarnefnd ekki tekið undir þá forsendu fyrirbyggjandi frumvarps að „[dómar þar sem menn hafa verið sýknaðir fyrir kynferðisbrot gegn börnum, jafnvel þótt sekt hafi verið sönnuð, [staðfesti]“ að núgildandi fyrningarfrestir geti verið of skammir fyrir stóran hóp brotþola. Að mati refsiréttarnefndar á þessi forsenda sér ekki viðhlítandi stoð í réttarframkvæmd. Þá bendir refsiréttarnefnd á að með lögum nr. 63/1998 hefur Alþingi þegar brugðist við þeim tilmælum umboðsmanns barna sem sett voru fram af því embætti á árinu 1997, og fyrirbyggjandi frumvarp byggir á, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 63/1998. Tilmæli umboðsmanns barna frá árinu 1997 voru ein af meginforsendunum fyrir lögfestingu núgildandi sakarfyrningarreglu síðari málsl. 1. mgr. 82. gr. hgl. eins og ofangreind lögskýringargögn bera með sér.

Refsiréttarnefnd tekur fram að tillaga sú sem fram kemur í frumvarpinu er ekki í samræmi við þá réttarþróun sem átt hefur sér stað hér á landi og í norrænum rétti, einkum Danmörku og Noregi, sem lýtur að því að fækka þeim brotum sem ekki lúta fyrningarreglum. Þá er tillagan í andstöðu við það grundvallarsjónarmið núgildandi reglna IX. kafla hgl., sem stutt er við framangreind lagarök að baki reglum um fyrningu sakar, að gera aðeins ráð fyrir því að brot er varða ævilöngu fangelsi séu ófyrnanleg. Nefndin tekur fram að þau brot sem falla undir ákvæði 194.-202. gr. hgl. eru mjög breytileg að inntaki jafnvel þótt frumvarpið sé bundið við að brotþoli sé undir 14 ára að aldri. Enda þótt ljóst sé að allir verknáðir, sem á annað borð falla undir þessi ákvæði og beinast að börnum undir 14 ára aldri, teljast alvarlegir út frá almennum siðferðilegum mælikvarða er ljóst að eins og refsímörkum þessara ákvæða er háttað teljast þau misalvarleg út frá viðhorfum refsiréttar. Hámarksrefsing vegna brota sem falla undir þann flokk sem frumvarpið beinist er þannig 2 ára fangelsi á grundvelli 2. mgr. 198. og 4. mgr. 202. gr., 4 ára fangelsi á grundvelli 197., 2. og 3. mgr. 200., 2. mgr. 201. og 2. og 3. mgr. 202. gr., 6 ára fangelsi á grundvelli 195., 196., 1. mgr. 198. og 1. mgr. 199. gr., 12 ára fangelsi á grundvelli 1. mgr. 200., 1. mgr. 201.


og 1. mgr. 202. gr., og 16 ára fangelsis á grundvelli 194. gr. Öll þessi brot myndu teljast ófyrnanleg ef brotapolí er yngri en 14 ára yrði af lögfestingu frumvarpsins. Í þessu sambandi bendir refsiréttarnefnd á að ekki er sjálfgefið að fara þyrfti „alla leið“ í þessum efnum, eins og fyrirliggjandi frumvarp gerir ráð fyrir, ef talið væri á annað borð nauðsynlegt að gera breytingar á núgildandi reglum IX. kafla hgl. um fyrningu sakar vegna kynferðisbrota gegn börnum undir 14 ára aldri. Vakin er athygli á því að í Danmörku og Noregi hefur sú leið nýlega verið farin að miða í sambærilegum tilvikum sem þessum upphaf fyrningarfrest við *18 ára aldur brotþola* en ekki 14 ára eins og síðari másl. 1. mgr. 82. gr. íslensku hgl. mælir fyrir um, sjá 4. mgr. 94. gr. dönsku hgl., sbr. breytingarlög nr. 441/2000, og 68. gr. norsku hgl., sbr. breytingarlög nr. 31/1998. Í þessu sambandi bendir refsiréttarnefnd á að almennt hefur verið leitast við að gæta samræmis hér á landi við reglur í Danmörku og Noregi að því er varðar fyrningu sakar.

Refsiréttarnefnd tekur undir þá forsendu frumvarpsins að hið sérstaka eðli kynferðisbrota, sbr. 194.-202. gr. hgl., sem beinast að börnum yngri en 14 ára réttlæti að sérákvæði um fyrningu sakar eigi við um slík brot. Nefndin ítrekar hins vegar að af hálfu löggjafans var sérstaklega horft til sjónarmiða um sérstöðu þessara brota og hagsmuni barna við lögfestingu núgildandi sakarfyrningarreglu síðari másl. 1. mgr. 82. gr. hgl. Þar sem frumvarpið er í sjálfu sér ekki rökstutt á grundvelli eðlisólíkra sjónarmiða en lágu til grundvallar lagabreytingunni frá 1998 telur refsiréttarnefnd ekki tilefni til þess að gera nú, aðeins tæpum 6 árum síðar, þá grundvallarbreytingu á sama réttaratriði sem ráðgert er með fyrirliggjandi frumvarpi. Refsiréttarnefnd leggur á það áherslu að enn skortir verulega á að reynt hafi á „virkni“ núgildandi sakarfyrningarreglu síðari másl. 1. mgr. 82. gr. hgl. Meta verður grunnforsendu frumvarpsins um að núgildandi reglur um fyrningu sakar í þessum málaflokki gangi of skammt með þetta í huga.

Refsiréttarnefnd vekur loks athygli á mikilvægi þess að refsilöggjöfin sé á hverjum tíma tiltölulega stöðug enda tíðar breytingar á grundvallarreglum hgl., meðal annars um fyrningu sakar, óæskilegar nema í undantekningartilvikum sem einkum beinast að þeim aðstæðum þegar nýleg lagabreyting hefur sýnilega reynst gölluð eða um breytt mat löggjafans á undirliggjandi félagsfræðilegum eða afbrotafræðilegum staðreyndum er að ræða. Slík aðstaða er ekki fyrir hendi í tilviki því sem hér er rætt.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur refsiréttarnefnd ekki tilefni til þess að mæla með lögfestingu frumvarpsins.

f.h. refsiréttarnefndar,



Róbert R. Spanó, formaður